



Fundargerð – 523. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 16. mars 2021, kl. 16:30.

Fundurinn var haldinn í Kölku og með fjarfundarformi.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Verkefni Kölku og Suðurnesjavettvangs til upplýsingar.
3. Svæðisáætlun úrgangsmála, drög til kynningar.
4. Stefna og markmið Kölku – tillögur að lokafrágangi.
5. Sódahöll – nýjar upplýsingar (heildarupplýsingar).
6. Þjónustustig á móttökuplönnum. Erindi frá Vogum.
7. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Öryggisnámskeið fyrir nýtt starfsfólk hefur verið sett upp. Þrjú öryggisatvik hafa verið skráð frá síðasta fundi, öll tengd vinnuvélum/ökutækjum. Engin meiðsl en nokkurt tjón.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.
3. Framkvæmdastjóri fundaði með bæjarráði Suðurnesjabæjar og fór yfir áður sent erindi um uppsetningu grenndarstöðvar í bæjarfélaginu. Um leið var farið yfir fyrirhugaðar breytingar á sorphirðu og aukinni sérsöfnun endurvinnsluefnis.
4. Afköst brennslu í febrúar var um 150 kg. á klst meira en í sama mánuði fyrir ári síðan.
2. **Verkefni Kölku og Suðurnesjavettvangs til upplýsingar.** Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður kynntu tvö verkefni sem Kalka vinnur í samvinnu við Suðurnesjavettvang, annað tengt brennslu og hitt tengt auðlindagarði í Helguvík.
3. **Stefna og markmið Kölku:** Lokafrágangur stefnu og markmiða lagður fram til kynningar.
4. **Stefnumótun stjórnar:** Lokafrágangur stefnu og markmiða lagður fram til kynningar.
5. **Áhersluverkefni SSS.** Stjórnarformaður kynnti tillögu framkvæmdastjóra SSS að samstarfi við Kölku að verkefni um framtíðaruppbyggingu í Helguvík. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum við SSS.
6. **Flugöskugeymsla:** Framkvæmdastjóri kynnti nýjar upplýsingar um kostnað við gámakaup sem gætu hlotist af flutningi í Helguvík. Fyrir liggur að kostnaður við flutninginn gæti numið allt að þreföldum árs ávinningi af flutningi. Framkvæmdastjóri lagði til að málið verði sett á bið og var það samþykkt af stjórn.
7. **Þjónustustig á móttökuplönnum – erindi frá Vogum:** Kölku barst fyrirspurn frá Vogum um kostnaðinn af því að lengja opnunartíma og hafa opið á laugardögum frá 15. maí til 15. september. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
8. **Önnur mál:** Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:20

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 13. apríl 2021.

Fundargerð samþykkt með tölvupóstum.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson